

KIRKJUGARÐARÁÐ

124. fundur haldinn 8. júní 2015 í Skálholti.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð í forföllum Kristínar Huldar Sigurðardóttur.

Gestur fundarins var Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti.

Áður en fundur hófst var farið um staðinn undir leiðsögn vígslubiskups. Var m.a skoðaðir kirkjugarðarnir í Skálholti og farið yfir væntanlegar framkvæmdir við þá og þá aðallega afmörkun á gamla kirkjugarðinn við kirkjuna. Skoðaðar voru teikningar og staðsetning á minningamarki yfir Ragnheiði Brynjólfsdóttur og fjölskyldu sem Skálholtsfélagið hið nýja ætlar að setja upp og afhjúpað verður 18. júlí n.k. í tengslum við Skálholtshátíð.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl. 13:30 Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Að ná eyrum ráðuneytis og ráðamanna varðandi málefni kirkjugarða.

Rætt var hvað hægt væri að gera, en ráðið hefur miklar áhyggjur af því að ekki skuli vera hægt að ná í gegn hjá stjórnvöldum ýmsum breytingum og leiðréttingum í tengslum við starfsemi kirkjugarða. Var ákveðið að Kristján Valur í samvinnu við Ragnhildi Benediktsdóttur og Þórstein Ragnarsson, mundu skrifa bréf og senda til Kirkjuráðs til að óska eftir aðstoð ráðsins til að ná eyrum stjórnvalda varðandi málefni kirkjugarða.

3. Endurskoðun á viðmiðunarreglum – næstu skref.

Guðmundur Rafn lagði fram tölvupóst þar sem fram kom að stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi samþykkt breytingatillögu á viðmiðunarreglum Sambandsins og Kirkjugarðaráðs sem ráðið var áður búið að samþykkja. Næsta skref er að biskup og formaður Sambandsins skrifi undir nýju reglurnar og þær endurútgefnar og kynntar viðkomandi aðilum.

4. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur verði 7. september á Austfjörðum og var framkvæmdastjóra falið að velja fundarstað og um leið að skipuleggja í tengslum við fundinn skoðunarferð þann 7. og 8. september um kirkjugarða á svæðinu.

5. Önnur mál

Erindi frá Hjalta Hugasyni prófessor í kirkjusögu, þar sem fram kemur að hann hefur í huga að skrifa fræðilega grein um heimagrafreiti á Íslandi. Óskar hann eftir að fá aðgang að gögnum Kirkjugarðaráðs er tengjast heimagrafreitum. Ráðið

samþykkti að verða við þessari beiðni og var framkvæmdastjóra falið að sjá um málið.

Fundi slitið klukkan 15:15.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Guðmundur Rafn Sigurðsson,
ritari